## Auglýsing um endurskráningu skotvopna og innköllun skotvopnaleyfa

Athygli skal vakin á því að samkvæmt reglugerð nr. 16 20. janúar 1978 um skotvopn og skotfæri sem gefin var út samkvæmt lögum nr. 46 13. maí 1977 um skotvopn sprengiefni og skotelda skulu öll skotvopnaleyfi sem gefin hafa verið út fyrir gildistöku reglugerðarinnar endurnýjast fyrir 1. júlí 1978.
Þeir sem leita endurnýjunar skotvopnaleyfis skulu senda umsókn um það til lögreglustjóra í því umdæmi þar sem umsækjandi á lögheimili og gildir það jafnt þótt leyfið hafi upphaflega verið gefið út í öðru umdæmi. Umsóknareyðublöð fást hjá lögreglustjórum.
Leyfishafi sem óskar endurnýjunar á skotvopnaleyfi skal sýna lögreglustjóra eða starfsmanni hans viðkomandi skotvopn ef þess er óskað.
Sæki leyfishafi skotvopns ekki um endurnýjun leyfis innan tilskilins frests fer um upptöku skotvopns samkvæmt ákvæðum 35. gr. laga nr. 46/1977.
Athygli skal einnig vakin á því að leyfi til verslunar skotvopna og skotfæra skulu endurnýjast fyrir 1. júlí 1978. Umsókn sendist dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ
25. APRÍL 1978.



## Námskeið í skyndihjálp

verður haldið vikuna 8.-13. maí n.k. í húsakynnum Bifreiðaeftirlits ríkisins Dugguvogi 2 kl. 20-22. Leiðbeinandi verður Sigurlína Davíðsdóttir.
Öllum heimil þátttaka.
Þátttökugjald kr. 3 þús.
Skráningar og upplýsingar á skrifstofu F.Í.B. til 5. maí n.k.

FÉLAG ÍSLENSKRA BIFREIÐAEIGENDA
Skúlagötu 51. Sími 29999



## Nauðungaruppboð

eftir kröfu tollstjórans í Reykjavík, Gjaldheimtunnar í Reykjavík, skiptaréttar Reykjavíkur, banka, stofnana og ýmissa lögmanna fer fram opinbert uppboð í uppboðssal tollstjóra í Tollhúsinu við Tryggvagötu, laugardag 6. maí 1978 kl. 13.30.
Seldar verða ýmsar ótollafgreiddar vörur svo sem: rafmagnslyftari, frystivél (19 kl. 4310 kg.), talstöðvar, leikföng, straumbreytar, containaer, allskonar fatnaður, varahl. í bifr., báta o.fl., tjöld, vefnaðarvara, matvara, teppi hljómplötur, veiðarfæri, skrautvara, fittings, hljóðfæri,skíðaskór o.fl. Ennfremur upptækar vörur. Eftir kröfu skiptaréttar úr dánarbúum, þrotabúum, félagsbúum, borðstofusett, sófasett, svefnh.sett, bækur, málverk, sjónvarp, útvarp, lampar, Pentax myndavél með fylgihlutum, eldhúsbúnaður, ýmsir smámunir, skrifstofuvélar og áhöld, skrifborð og stólar, loftljós, skjalaskápar, peningaskápar, panil- og spónaplötur, strigaveggfóður og margt fl.
Eftir kröfu ýmissa lögmanna, banka, stofnana, Gjaldheimtunnar o.fl. hljómburðartæki, borðstofu- og dagstofuhúsgögn, bókhaldsvél, ísskápar, frystikistur, sjónvarpstæki, þvottavélar,skrifstofuvélar, saumavélar, skápar, fatnaður og margt fleira.
Ávísanir ekki teknar gildar sem greiðsla nema með samþykki uppboðshaldara eða gjaldkera.
Greiðsla við hamarshögg.

Uppboðshaldarinn í Reykjavík.


# UM HELGINA UM HELGINA

## Í SVIÐSLJÓSINU UM HELGINA

# „Verða súrir ef selst vel"

### — spjall við Ragnar Pál, listmálara, sem opnar sýningu á Kjarvalsstöðum í dag



Ragnar Páll Einarsson.

Ragnar Páll Einarsson listmálari opnar málverkasýningu í dag á Kjarvalsstöðum og telst því heldur betur í sviðsljósinu um helgina. Á sýningunni eru aðallega landslagsmyndir, en einnig blóma og portretmyndir.

Myndirnar eru allt frá 1960 en þær yngstu voru gerðar í vor. „Það er mjög misjafnt hvað maður fæst við hverju sinni", sagði Ragnar Páll í samtali við Helgarblaðið.

„Maður hvílir sig á einu og tekur til við annað. Stundum nota ég olíu og stundum vatnsliti. Stundum mála ég báta, stundum landslag og þar fram eftir götunum".

„Síðastliðin tvö ár hef ég verið hálfgerður bóndi fyrir austan. Ég tók á leigu eyðibýli á Héraði og fór þangað til að mála".

„Ég hef selt ágætlega á sýningum undanfarin ár", sagði Ragnar Páll. „Fólk vill gjarnan eignast myndir til þess að hafa uppá vegg hjá sér."

— En gagnrýnendur, hvernig hafa þeir tekið myndum þínum?

„Það er afskaplega misjafnt. Sumir hafa tekið mér vel, en aðrir hafa verið súrir, aðallega vegna þess hve ég sel mikið. Gagnrýnin er yfirleitt aldrei umræða um myndlist heldur virðist miklu frekar að viðkomandi listamaður sé sjálfur tekinn fyrir. En ég kvarta ekki."

—GA

**Í dag er laugardagur 22. apríl 1978, 111. dagur ársins. Árdegisflóð er kl. 05.44, síðdegisflóð kl. 18.07.**

## NEYÐARÞJÓNUSTA

**Reykjavík** lögreglan, sími 11166. Slökkvilið og sjúkrabíll sími 11100.
**Seltjarnarnes**, lögregla sími 18455. Sjúkrabíll og slökkvilið 11100.
**Kópavogur.** Lögregla, sími 41200. Slökkvilið og sjúkrabíll 11100.
**Hafnarfjörður.** Lögregla, sími 51166. Slökkvilið og sjúkrabíll 51100.
**Garðakaupstaður.** Lögregla 51166. Slökkvilið og sjúkrabíll 51100.
**Akureyri.** Lögregla. 23222, 22323. Slökkvilið og sjúkrabíll 22222.
**Dalvík.** Lögregla 61222. Sjúkrabíll 61123 á vinnustað, heima 61442.
**Ólafsfjörður** Lögregla og sjúkrabíll 62222. Slökkvilið 62115.
**Siglufjörður**, lögregla og sjúkrabíll 71170. Slökkvilið 71102 og 71496.
**Sauðárkrókur**, lögregla 5282 Slökkvilið, 5550.
**Blönduós**, lögregla 4377.
**Ísafjörður**, lögregla og sjúkrabíll 3258 og 3785. Slökkvilið 3333.
**Bolungarvík**, lögregla og sjúkrabíll 7310, slökkvilið 7261.
**Patreksfjörður** lögregla 1277 Slökkvilið 1250, 1367, 1221.
**Borgarnes**, lögregla 7166. Slökkvilið 7365
**Akranes** lögregla og sjúkrabíll 1166 og 2266 Slökkvilið 2222.
**Keflavík.** Lögregla og sjúkrabíll í síma 3333 og í símum sjúkrahússins, símum 1400, 1401 og 1138. Slökkvilið sími 2222.
**Grindavík.** Sjúkrabíll og lögregla 8094, slökkvilið 8380.
**Vestmannaeyjar.** Lögregla og sjúkrabíll 1666. Slökkvilið 2222, sjúkrahúsið sími 1955.
**Selfoss.** Lögregla 1154. Slökkvilið og sjúkrabíll 1220.
**Höfn í Hornafirði** Lögreglan 8282. Sjúkrabíll 8226. Slökkvilið, 8222.
**Egilsstaðir.** Lögreglan, 1223, sjúkrabíll 1400, slökkvilið 1222.
**Seyðisfjörður.** Lögreglan og sjúkrabíll 2334. Slökkvilið 2222.
**Neskaupstaður.** Lögreglan sími 7332.
**Eskifjörður.** Lögregla og sjúkrabíll 6215. Slökkvilið 6222.
**Húsavík.** Lögregla 41303, 41630. Sjúkrabíll 41385. Slökkvilið 41441.

## MESSUR

Guðsþjónustur í Reykjavíkurprófastsdæmi sunnudaginn 30. apríl 1978 5. sunnudag eftir páska — Bænadagurinn.

**Árbæjarprestakall:**
Barnasamkoma í Safnaðarheimili Árbæjarsóknar kl. 10:30 árd. Guðsþjónusta í Safnaðarheimilinu kl. 2 Séra Guðmundur Þorsteinsson.
**Ásprestakall:**
**Bústaðakirkja:**
Messa kl. 5, (athugið breyttan messutíma) organleikari Guðni Þ. Guðmundsson. Séra Ólafur Skúlason, dómprófastur.
**Fella- og Hólaprestakall:**
Fermingarguðsþjónustur kl. 10:30 árd og 1.30 síðd. Séra Hreinn Hjartarson.
**Grensáskirkja:**
Barnasamkoma kl. 11. Guðsþjónusta kl. 2, altarisganga. Organleikari Jón G. Þórarinsson. Séra Halldór S. Gröndal.
**Hallgrímskirkja:**
Guðsþjónusta kl. 11. Lesmessa n.k. þriðjudag kl. 10:30 árd. Beðið fyrir sjúkum. Séra Ragnar Fjalar Lárusson.
**Landspítalinn:** Messa kl. 10 árd. Séra Ragnar Fjalar Lárusson.
**Háteigskirkja:**
Barnaguðsþjónusta kl. 11 árd. Guðsþjónusta kl. 2. Séra Tómas Sveinsson. Síðdegisguðsþjónusta og fyrirbænir kl. 5 síðd. Séra Arngrímur Jónsson.
**Langholtsprestakall:**
Barnasamkoma kl. 10:30 árd. Séra Árelíus Níelsson. Guðsþjónusta kl. 2 Ræðuefni: Helgi mannlegs lífs. Einsöngur: Elín Sigurvinsdóttir, við orgelið: Jón Stefánsson. Safnaðarstjórnin.
**Laugarneskirkja:**
Barnaguðsþjónusta kl. 11. Messa kl. 2. Aðalfundur safnaðarins verður strax að lokinni messu. Sóknarprestur.
**Kópavogskirkja:**
Guðsþjónusta kl. 2. Barnasamkoma í Safnaðarheimilinu við Bjarnhólastíg kl. 11. Séra Þorbergur Kristjánsson.
**Neskirkja:**
Barnasamkoma kl. 10:30. Séra Guðmundur Óskar Ólafsson. Guðsþjónusta kl. 2 e.h. Séra Frank M. Halldórsson. Bænaguðsþjónusta kl. 5 síðd. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson.
**Fríkirkjan í Reykjavík: Bænadagurinn.**
Barnasamkoma kl. 10.30. Guðni Gunnarsson. Messa kl. 2. Séra Þorsteinn Björnsson.
**Keflavíkurkirkja: Bænadagurinn.**
Guðsþjónusta kl. 2 s.d. Sóknarprestur.
**Fríkirkjan í Hafnarfirði:**
Guðsþjónusta kl. 2 s.d. Séra Magnús Guðjónsson
**Eyrarbakkakirkja:**
Guðsþjónusta kl. 2 s.d. Ferming. Sóknarprestur
**Dómkirkjan: Bænadagurinn.**
Kl. 11. messa séra Hjalti Guðmundsson. Kl. 2 messa. Séra Þórir Stephensen. Einsöngvarakórinn syngur við báðar messurnar.
**Landakotsspítali:**
Messa kl. 10. Séra Þórir Stephensen.

## Lausn orðaþrautar

